

2018

Árskýrsla Þjóðskóga Vesturlands



Valdimar Reynisson skógarvörður
á Vesturlandi

 skógræktin

31/12/2018

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almennt um deildina	2
Árið 2018	3
Veðurfar	3
Skógarskaðar	4
Girðingar	4
Gróðursetningar	4
Grisjun	5
Viðarvinnsla	6
Jólatré	7
Vegagerð	8
Framkvæmdir	8
Stígagerð	8
Vélar og tæki	8
Heimsóknir	9
Viðburðir	9
Mannahald	9
Óhöpp	10
Lokaorð	10

Forsíðumynd: Brauð bakað yfir eldi á skógardegi (Líf í lundi) 23.6.2018. Þrátt fyrir mikla rigningu var mikil stemmning. Mynd VR

Inngangur

Árið 2018 var óvenjulegt ár að mörgu leyti, ekki síst veðurfarslega. Eftir frekar snjópungan vetur kom ekki sumar heldur kom kafli með lágu hitastigi og sólarleysi sem entist fram á haust. Þrátt fyrir það voru skógarmenn fullir bjartsýni eins og vera ber og héldu ótrauðir áfram baráttunni fyrir betri og meiri skógi.

Þó að fáir væru starfsmenn og mikið að gera náðist að gera helling á árinu sem var að líða. Stígagerð í Jafnaskarðsskógi með liðveislu SEEDS, brúarsmíði og stígagerð í Selskógi sem opnaði á nýja möguleika í gestamóttöku. Gróðursetningar og grisjanir að venju auk kurlunar, arinviðargerðar og borðaflettingar voru hluti af starfsemi ársins.

Starfsmannahúsið í Hvammi var málað að innan og neysluvatnslagnir endurnýjaðar.

Eitthvað var um heimsóknir gesta í skóginn eins og vant er. Það er alltaf skemmtilegur hluti starfsins.

Girðingarmál voru fyrirferðarmikil að vanda.

Jólatrjáaavertíðin var svipuð undanförunum árum en þó var örlítill aukning á sölu heimilistrjáa.


Töluverðar mannbreytingar voru á árinu 2018. létu tveir starfsmenn af störfum og einn bættist við.

Almennt um deildina

Vesturlandsdeild Skógræktarinnar nær yfir landsvæðið frá Gilsfirði og suður á Reykjanes í land Straums við Hafnarfjörð. Innan þessa landsvæðis eru 30 jarðir og jarðarpartar sem eru í eigu/eða umsjá Skógræktarinnar. Mest er starfsemin í Skorradal. Þar hefur deildin umsjón og eignarhald á átta jörðum og jarðarpörtum. Heildarlandstærð í umsjón deildarinnar er um 11.647 hektarar og af þeim eru 5.371 ha af birkikjarri og birkiskógi en ræktaður skógur er 875 hektarar. Um 53,6% lands á vegum deildarinnar eru skógi eða kjarri vaxin.

Vesturlandsdeildin hefur umsjón með tveimur stórum girðingum, sem girða af lönd Skógræktarinnar og annarra landeigenda. Þetta eru Ystutungugirðing í Borgarbyggð og Skorradalsgirðing sem umlykur Skorradal sunnan- og austanverðan.

Starfstöð deildarinnar er að Hvammi í Skorradal. Skógarvörður er Valdimar Reynisson, skógfræðingur M.Sc.



Mynd 1 Yfirlitsmynd yfir starfsvæði þjóðskóga Vesturlandi. Merkt eru inn flest svæði sem eru á vegum deildarinnar.

Árið 2018

Veðurfar

Veðurfarið á árinu 2018 var nokkuð óvenjulegt ef svo má segja. Í upphafi árs snjóaði mikið í Skorradal og var um tíma 60-70 sentimetra snjólag í Hvammi. Vorið var frekar blautt og kalt en það reyndist halda áfram allt sumarið enda með afbrigðum sólarlaust sumar, minnsta sól í 100 ár. Þessi vætu-tíð hélst fram undir jól með smástillum í lok október og byrjun nóvember. Þegar verið var að fella torgtré var veðrið með besta móti í slíka vinnu, hægviðri og frekar þurr en svo fór að koma frost,

snjór og rigning til skiptis. Um jólaleytið var hlýtt og blautt. Sjá yfirlit (tafla 1) frá veðurstöðinni á Hvanneyri sem er sú stöð sem er næst Hvammi. Það getur þó verið nokkur munur á hitastigi og úrkomu á milli Hvamms og Hvanneyrar.

Tafla 1 Yfirlit yfir veðurfar 2018 frá veðurstöðinni á Hvanneyri. Gögn frá Veðurstofu Íslands.

AR	Mánuður	Meðal hiti.	Hæsti hiti	Lægsti hiti	Meðalvindhraði	Mesti vindhraði	Mesta hviða	Meðalrakastig
2018	Janúar	-2,1	9,4	-17,2	4,3	18,8	34,0	82
2018	Febrúar	0,7	9,5	-12,3	7,1	26,6	41,3	79
2018	Mars	0,9	12,6	-11,8	4,3	14,5	22,2	73
2018	Apríl	3,9	14,5	-10,4	4,4	12,3	20,9	74
2018	Maí	5,8	17,3	-2,5	5,1	18,5	29,4	78
2018	Júní	8,9	15,6	2,7	3,6	12,2	19,0	82
2018	Júlí	10,5	19,9	2,6	2,9	10,8	17,4	81
2018	Ágúst	10,1	18,6	-1,0	2,8	11,2	22,8	77
2018	September	6,5	16,6	-6,4	3,3	14,0	22,4	79
2018	Október	3,3	13,9	-8,4	3,7	16,7	25,5	81
2018	Nóvember	1,9	13,9	-7,6	4,4	16,6	29,4	81
2018	Desember	1,5	11,8	-11,6	4,6	22,1	41,6	80

Skógarskaðar

Engir teljandi skógarskaðar herjuðu á vestlenska skóga þetta árið. Þó var aðeins óværa í rauðgreni sem hafði áhrif á jólatrjáahögg. En að öðru leyti var þetta nokkuð gott ár. Aðeins bar á ryðsvepp um haustið en það hefur verið meira.

Girðingar

Skógræktin er aðili að tveimur stórum girðingarverkerfnum á Vesturlandi. Annars vegar Skorradalsgirðingu sem friðar Skorradal að sunnanverðu frá og með Indriðastöðum og austur að Eiríkvatni, fer svo vestur Skorradalsháls að landamerkjum Fitja og Háafells. Þetta er stór girðing að mestu girt 2002. Hefðbundið viðhald var á þessari girðingu í sumar. Verktaki var Baldur Björnsson Múlakoti (B.Björnsson ehf.).

Ystutungugirðingin er annað girðingarverkefni sem Skógræktin er aðili að. Sú girðing liggur frá Norðurá á mörkum Hreðavatns og Brekku fram hjá Bifröst og upp á Selmúla, liggur svo undir hlíðum Múlakotsmúla og að Gljúfurá, niður með Gljúfurá að Tvísteinum og liggur þar á mörkum Stóru- og Litlu-Skóga. Fer svo niður með merkjum Munaðarness og Stórugrafar. Þetta er gömul girðing frá 1984 og er að mestu netgirðing með gaddavír yfir og undir en hluti girðingarinnar er rafmagnsgirðing. B. Björnsson ehf. sá um viðhald á netgirðingunni en skógarvörður sá sjálfur um viðhald á rafmagnsgirðingunni þetta árið.

Gróðursetningar

Töluvert var gróðursett á árinu en vegna mikillar kurlisölu vannst ekki tími til að klára allan skammtinn. Það bíða því nokkrir bakkar til vors. Nýtt samstarfsverkefni við Faxaflóahafnir fór af stað, það gengur


út á að Skógræktin sér um áætlanagerð og gróðursetningu í land Faxaflóahafna að Klafastöðum í Hvalfjarðarsveit. Gróðursett er fyrir ákveðna upphæð á ári. Árið 2018 var gerð ræktunaráætlun sem Sæmundur Þorvaldsson skógræktarráðgjafi sá um og síðan var jarðunnið nokkurt svæði sem Guðmundur í Geirshlíð sá um. Að lokum gróðursettu starfsmenn Skógræktarinnar sitkabastarð, 1.000 plöntur, og stafafuru, 6.097 plöntur, í landið.

Einnig var gróðursett á Stóru-Drageyri í Skorradal. Alls fóru þar niður 8.000 plöntur af stafafuru, 6.000 plöntur af sitkagreni og 3.500 plöntur af lerkiblendingnum Hrym.

Að auki voru gróðursettar 2.000 rauðgreniplöntur í Selskógi.

Grisjun

Grisjað var í Norðtunguskógi veturinn 2017-2018. Hluti af þeim reitum var gjörfelldur vegna þess að þeir voru lélegir og uxu ekki sem skildi. Alls voru þetta um 1.000 m³. Megnið af efninu fór til Elkem á Grundartanga, en um 200 m³ féllu til af flettiefni sem verður nýtt í borðvið. Einnig voru teknar spírir í fiskihjalla. Þeir reitir sem grisaðir voru 2018 voru reitir 45, 46, 147, 170, 178 og 198, sjá mynd 2. Keyrt var út úr öllum reitum árið 2018, líka þeim sem grisaðir voru 2017. Ákveðið var að sleppa reitum 3, 16 og 19. Þeir verða grisaðir 2019. Alls var unnið á 4,84 hekturum árið 2018. Þetta verk var unnið af fyrirtækinu 7.9.13 ehf.



Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir þær umhirðuaðgerðir sem framkvæmdar voru í Norðtunguskógi veturinn 2017-2018. Rauðir flákar merkja lokahögg og endurnýjun skóga en grænir flákar reiti sem voru grisaðir. Mynd VR

Samfara þessari grisjun var gert við nokkra slóða haustið 2017 en þeir eru merktir hér á yfirlitsmyndinni.

Viðarvinnsla

Viðarvinnsla var nokkur á árinu eins og venjulega. Mesta aukningin var í sölu á kurl.

Einnig var nokkur sala í furueldivið, en þar er sóknarfæri fyrir deildina. Við erum nú þegar með tvo nokkuð öfluga viðskiptavini sem kaupa af okkur eldivið og sala er að aukast í gegnum smásala.

841 m³ af bolviði fóru í Elkem á Grundartanga og einnig var bolviður seldur til annarra aðila. Borðviðarsala hefði mátt vera meiri en hún er alltaf sveiflukennnd. Árið 2018 seldum við nokkuð af spírum en það gerist ekki hjá okkur á hverju ári. Það er alltaf aðeins verið að saga fyrir einstaklinga sem koma með trjáboli úr eigin görðum og vilja fá þá sagaða í borð til að smíða eitthvað úr.

Yfirlit um það helsta sem selt var af við er í töflu 2 hér að neðan.

Tafla 2 Yfirlit yfir sölu á viðarafurðum frá starfstöð Skógræktarinnar að Hvammi í Skorradal.

Afurð	einingar	magn
Eldiviður birki	1 m ³	4
eldiviður fura	1 m ³	51,00
eldiviður fura	40 lítra grisjupokum, stk	126,00
Kurl	1m ³ stórsekkur	201,50
Kurl	40 l grisjupokar stk	11,00
Bolviður greni/fura	m ³	841
Bolviður greni ø 9 sm	stk.	9
Bolviður greni ø 25 sm	stk.	40
Grenibök	stk.	66
Spírir greni 6-7 m	stk.	250
greniborð 19 mm ókantað	m ²	2
greniborð 19 mm ókantað	m ²	42
Sögun fyrir aðra	vinnustundir	9

Jólatré

Jólatrjáasala var með hefðbundnu sniði þetta árið. Seld voru 57 torgtré og 148 heimilistré. Það var örlítill aukning í sölu heimilistrjáa og ánægjulegt að rauðgrenni virðist vera að sækja aftur í sig veðrið sem jólatré. Jólatrjáahöggið gekk vel.

Opið var helgina 15.-16. desember í Selskógi. Þar gafst einstaklingum kostur á að koma út í skóg og fella sitt eigið jólatré. Lítið var að gera fyrri daginn en töluverð traffík seinni daginn. Samantekt yfir jólatrjásölu má sjá í töflu 3.

Tafla 3 Yfirlit yfir sölu jólatrjáa frá Hvammi árið 2018.

Torgtré					
Stærðarflokkar metrar	tegund	fjöldi	tegund	fjöldi	samtals
2,01-2,5	SF	3			3
2,5-3	SF	0	SG	5	5
3-4	SG	7	Fþi	1	8
4-5	SG	5			5
5-6	SG	13			13
6-7	SG	7			7
7-8	SG	5			5
8-9	SG	8			8
9-10	SG	3			3
Samtals					57
Heimilistré					
Stærðarflokkar metrar	tegund	fjöldi	tegund	fjöldi	samtals
0,7-1	RG		SF	1	1
1,01-1,25	RG	4	SF	1	5
1,26-1,5	RG	7	SF	9	16
1,51-1,75	RG	17	SF	32	49
1,76-2	RG	32	SF	17	49
2,01-2,5	RG	7	SF	5	12
2,51-3	RG	1	SF	1	2
Óflokkað	RG /BG	6	SF	8	14
Samtals		74		74	148
Samtals torgtré + heimilistré					205

Vegagerð

Lítið var unnið í vegagerð á árinu 2018. Þó var lagaður vegur að Selskógi og gerð nokkur bílastæði. Þessi framkvæmd gerir aðkomu að Selskógi mun auðveldari og betri fyrir gesti og gangandi. Að auki var framlengdur slóði fyrir ofan Stálpastaðaskóg. Hann er nú orðinn 1 km að lengd. Það er ekki hægt að lengja þennan slóða meira nema fara í brúargerð. Þetta opnar samt mikla möguleika á grisjun og gróðursetningu uppi á hálsinum í framtíðinni. Tryggvi Valur Sæmundsson hjá Hálstaki ehf. sá um báðar þessar framkvæmdir.

Framkvæmdir

Helstu framkvæmdir aðrar en stígagerð og vegagerð voru þær að hlúð var að starfsmannahúsinu í Hvammi. Það voru endurnýjaðar neysluvatnslagnir og skipt um klósett og handlaugar. Var það Bergur M. Jónsson pípulagningarmaður sem sá um það verk. Einnig máluðu starfsmenn Skógræktarinnar starfsmannahúsið að innan. Þessar aðgerðir gerðu að verkum að starfsmannahúsið skánaði mikið en eftir er að fara í nokkuð mikið viðhald á húsinu til að það megi teljast gott.

Stígagerð

Unnið var að stígagerð í Jafnaskarðsskógi í maí. Þar naut deildin liðsinnis sjálfboðaliðasamtakanna SEEDS. Sjö manna flokkur frá þeim kom og vann í eina viku við að kurlbera og lagfæra göngustíg í Jafnaskarðsskógi. Lengd stígsins var 1,7 km. Gekk verkið vel og kláraðist á tilsettum tíma. Kurlið var flutt úr Skorradal á vörubíl. Var það Tryggvi Valur Sæmundsson sem sá um það.

Einnig var smíðuð brú yfir læk sem rennur um svokallað Drageyrargil. Ekki hef ég þó fundið nafn á læknum. Stígur var lagður að og frá brúnni frá bílastæði og svo að flöt sem er á milli fyrr nefnds lækjar og Sellækjar sem rennur nokkurn veginn í gegnum miðja spilduna.

Vélar og tæki

Valtra Valmet A85 árg 2004, 88 hö með ámoksturstækjum. Þessi vél er mikið notuð í snatt t.d til að afgreiða kurl á sumrin, snjómokstur og alla flutninga á hlaðinu í Hvammi.

Valtra Valmet 700 árg. 1999, 70 hö. Mest notuð við spilun, knýja kurlarann og eldiviðakleyfinn.

Valtra Valmet 8050 árg. 2001, 110 hö mest notaður fyrir viðarvagninn.

Einn gamall sturtuvagn

Einnig er til eldiviðarkleyfir. Gamall frá Vöglum og er dráttarvélarknúinn.

Trjákurli Farmi 260 árgerð 2004, dráttarvélaknúinn.

Trjákurli TP árgerð 1990 dráttarvélaknúinn, staðsettur á Mógilsá.

Nokka-viðarvagn frá 2009.

Viðarspil gamalt. Kom frá Hallormsstað.

Woodmizer-bandsög gömul. Kom frá Hallormsstað.

Gamall snjóblásari, traktorsdrifinn. Sameign með Skorradalshreppi.

Staurabor, traktorsdrifinn.

Gömul standandi bandsög, kom frá Vöglum

Mitsubishi L200 Double Cab pallbíll árgerð 2008

Toyota Hilux Double Cab pallbíll árgerð 2006

Heimsóknir

Eitthvað var um heimsóknir á árinu. Hittist það þannig á að Jón Auðunn aðstoðarskógarvörður tók við flestum. Í apríl tók skógarvörður á móti nemum í búfræði 2 sem taka skógræktaráfanga. Nemarnir skoðuðu viðarvinnslutæki í Hvammi og fóru svo út í skóg að skoða.

Í maí komu eldri borgarar úr Kópavogi til að skoða skóginn.

Í ágúst kom hópur með Samson B. Harðarsyni. Jón Auðunn tók á móti þessum hópi sem í voru félagar í Nordisk Arboretum Committee (NAC) sem er hópur trjásérfræðinga frá Norðurlöndum en það má finna fleiri upplýsingar um heimsóknina á eftirfarandi slóð:

<http://yndisgrodur.lbhi.is/arsfundur-nordisk-arboretum-committee-5-11-agust-2018/>

Í september komu matreiðslunemar úr Menntaskólanum í Kópavogi. Það var svo stór hópur að tvískipta þurfti honum. Tók Valdimar á móti seinni hópnum en Jón Auðunn á móti þeim fyrri. Tilgangur þessara heimsókna var að reyna að finna sveppi og aðrar nytsamlegar plöntur til matargerðar. Uppskeran var ekki góð enda lítið af sveppum þetta árið.

Viðburðir

Haldinn var skógardagur 23. júní í Selskógi í Skorradal. Skógardagurinn var í samstarfi við Skógræktarfélag Borgarfjarðar og Félag skógareigenda á vesturlandi. Þessi skógardagur var undir heitinu Líf í lundi og var samráðsverkefni Skógræktarfélags Íslands, Landssamtaka skógareigenda og Skógræktarinnar. Þrátt fyrir mikla rigningu og tiltölulega litlar auglýsingar komu um 80 manns á viðburðinn. Stemmningin var góð og skemmtu menn sér við að tálga, fara í leiki, skógargöngu, brauðbakstur (sjá forsíðumynd) og syngja. Einnig var happdrætti með glæsilegum vinningum. Á þessum degi var tekin í notkun „ný“ samkomuflöt í Selskógi.

Mannahald

Í upphafi árs voru fjórir starfsmenn starfandi hjá deildinni. Það voru Valdimar Reynisson skógfræðingur skógarvörður, Jón Auðunn Bogason skógfræðingur aðstoðarskógarvörður, Benedikt Örvar Smárasson skógarhöggsmáður og Viktor Steingrímsson skógarhöggsmáður. Við nutum einnig

Liðsinnis Johans Grønlund-Arndals, dansks skógarhöggsmanns, í þrjá mánuði. Hann er mikill listamaður með keðjusög og heggur út myndir með verkfærinu.

Pavle Estrajher skógarhöggismaður kom til starfa í maí og hann er enn við störf hjá deildinni.

Nick Christiansen kom í stuttan tíma í nóvember en hefur verið starfsmaður á Vöglum.

Einnig vorum við með erlenda nema frá Danmörku, Þýskalandi, Hollandi og Frakklandi.

Viktor Steingrímsson fór í nám og lét því af störfum í ágúst.

Benedikt Örvar Smáráson lét af störfum í október. Við lok árs voru því 3 starfsmenn að störfum hjá deildinni.

Óhöpp

Engin óhöpp urðu á árinu, sem er gott.

Lokaorð

Árið 2018 var nokkuð öflugt ár í starfsemi Vesturlandsdeildar þjóðskóganna. Þrátt fyrir frekar fátt starfsfólk vorum við heppnir með nema og það náðist að vinna býsna margt af því sem til stóð þó að ekki næðist að klára allt. Mesta kurlsala í sögu deildarinnar var á þessu ári. Og unnið var á ýmsum stöðum að ýmsum verkefnum.

Líf í lundi heppnaðist vel og var það gott samstarf sem vonandi verður endurtekið á næsta ári.

Breytingar standa fyrir dyrum á komandi ári, en þær eru helstar að Valdimar Reynisson skógarvörður ætlar að færa sig til í starfi og verða skógræktarráðgjafi. Við skógarvarðarstöðunni tekur Jón Auðunn Bogason sem er aðstoðarskógarvörður í dag. Óska ég honum velfarnaðar í starfi.

Vil ég nota tækifærið hér til að þakka öllum samstarfsaðilum gott samstarf á liðnum árum. Vonandi eru bjartari tímar fram undan með trjám í haga, mikilli viðarvinnslu og aukinni skógrækt.

Valdimar Reynisson skógarvörður